

AUGLÝSING

um samþykkt skipulagsmál í Seltjarnarnesbæ.

Bæjarstjórn Seltjarnarnesbæjar hefur samþykkt deiliskipulagsbreytingar sem hér segir:

Lambastaðahverfi – Tjarnarstígur 10.

Deiliskipulagsbreytingin felur í sér að hækka nýtingarhlutfall lóðar úr 0,2 í 0,3 og heimild fyrir að reisa bílskúr á nýjum byggingarreit sem verður 3 m frá lóðarmörkum að Tjarnarstíg 8.

Lambastaðahverfi – Tjarnarstígur 11.

Deiliskipulagsbreytingin felur í sér að hækka nýtingarhlutfall lóðar úr 0,19 í 0,2 og heimild fyrir að byggja viðbyggingu vegna inngangs í stað núverandi inngangspalls utandyra.

Ofangreindar deiliskipulagsbreytingar hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um og öðlast þær þegar gildi.

F.h. Seltjarnarnesbæjar, 4. mars 2021,

Einar Már Steingrímsson skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 8. mars 2021